

38. gr. laga nr. 32 14. júní 1929 er úr gildi felld.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Gjört í Reykjavík, 16. nóvember 1940.

Hermann Jónasson.

Eysteinn Jónsson.

Jakob Möller.

Ólafur Thors.

(L. S.)

Ólafur Thors.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 32 3. nóv. 1915, um veitingu prestakalla.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Kirkjumálaráðherra hefir tjáð ráðuneytinu, að eftir nákvæma athugun hafi komið í ljós, að við prestskosningar í Reykjavík sé mjög óhentugt að útbúa kjörskrár þannig, að nöfnum kjósenda sé raðað eftir stafrófsröð og sé því nauðsynlegt að heimila að raða nöfnum kjósenda eftir heimilisfangi (götunafni og númeri) á kjörskrár þessum.

Með því að ráðuneytið fellst á, að brýna nauðsyn beri til að setja bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar um framangreint efni, telur það rétt að gefa út bráðabirgðalög á þessa leið:

Við 1. mgr. 2. gr. laga nr. 32 3. nóvember 1915 bætist ný málsgrein, svo hljóðandi: Á kjörskrár fyrir prestskosningar í Reykjavík skal heimilt að raða nöfnum kjósenda eftir heimilisfangi (götunafni og númeri).

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 22. nóvember 1940.

Hermann Jónasson.

Eysteinn Jónsson.

Jakob Möller.

Stefán Jóh. Stefánsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.